

83
23. júní

L Ö G

um

raforkuvirki.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 6. gr. laga, dags. í dag, um viðauka við og breyting á lögum nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki, höfum látið fella meginmál þeirra inn í texta tédra laga frá 1926 og gefum þau hérmeð út þannig breytt:

1. gr.

Hver sveitar- eða bæjarstjórn hefir einkarétt til þess að stofnsetja raforkuver til almenningsþarfa, önnur en vatnsorkuver, og starfrækja þau innan sveitar. Til starfrækslu utan sveitar þarf samþykki ráðherra.

Um raforkuveitu frá slíku veri fer eftir ákvæðum vatnalaganna um raforkuveitur frá vatnsorkuverum, nema þar sem á annan veg er ákveðið með lögum þessum.

2. gr.

Einkaréttur sveitar- eða bæjarstjórna samkvæmt 1. gr. nær eigi til raforkuvirkja, sem einstakur maður eða einstakir menn koma sér upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa. Þó þarf leyfi héraðsstjórnar í þeim héruðum, þar sem héraðsstjórn hefir áður komið á stofn raforkuvirki.

3. gr.

Einkarétt þann, sem ræðir um í 1. og 2. gr., getur sveitar- eða bæjarstjórn með samþykki ráðherra veitt einstökum mönnum eða félögum. Leyfið skal veitt um tiltekið árabíl með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Í hvert skipti, sem leyfistími er á enda, á sveitar- eða bæjarstjórn rétt á að fá sér afhent raforkuverið fyrir það verð, er matsnefnd ákveður, ef samkomulag næst ekki.

Um mat og matsnefnd gildir ákvæði vatnalaganna.

4. gr.

Nú hefir einstakur maður eða félag fengið leyfi til að stofnsetja og starfrækja raforkuver eða raforkuveitu til almenningsþarfa, og skal þá ákveða gjald

á raforku í gjaldskrá, er hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

83
23. júní

Gjaldskrá skal endurskoða á árs fresti, ef annaðhvort leyfishafi eða sveitar- eða bæjarstjórn óskar þess, og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

5. gr.

Nú vill sveitarstjórn eða bæjar fá handa umdæmi sínu raforkuvirki, er einstakir menn eiga og um ræðir í 3. gr. og má þá, er $\frac{1}{2}$ hlutar leyfistímans eru liðnir, ef samkomulag næst ekki, taka það eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 3. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki að einungis nokkur hluti þeirra sé tekin.

6. gr.

Nú hefir sveitar- eða bæjarstjórn stofnsett raforkuver eða raforkuveitu og starfrækir til almenningsþarfa í umdæmi sínu, og getur hún þá áskilið sér einkarétt til sölu í umdæminu á rafmagnstækjum og öðrum hlutum raforkuvirkja, sem nota á í sambandi við raforkuveituna.

7. gr.

Ráðherra setur reglugerð um raforkuvirki. Til raforkuvirkja teljast hér raforkuver, raforkuveita og rafmagnstæki, laus og föst.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

- a. Gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja, til öryggis gegn hættu og tjóni og til varnar gegn truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta, svo og um gerð, uppsetningu og starfrækslu annara virkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón eða hætta getur stafað af.
- b. Takmörkun á innflutningi, sölu og notkun tækja og annara hluta raforkuvirkja, er ekki fullnægja þessum skilyrðum.
- c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru þegar reglugerðin öðlast gildi, og um ný virki og aukning eldri virkja, svo og að hlíta fyrirmælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.
- d. Eftirlit með raforkuvirkjum í húsrúmi, þar sem hætt er við sprengingum eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka, svo og með raforkuvirkjum, sem ætla má, að hafi í för með sér sérstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti og með raforkuvirkjum í leikhúsum og samkomuhúsum. Eigandi virkjanna greiðir kostnað við eftirlitið, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.
- e. Löggingu á hæfum raforkuvirkjum.
- f. Skyldu rafveitustjórna til að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, er notuð eru í sambandi við raforkuveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði settra reglugerða og um heimild fyrir eftirlitsmann ríkisins að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuveitna eða láta loka fyrir

83
23. júní

rafmagnsstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, er þverskallast við að hlíta settri reglugerð, svo og að taka löggildingu eða söuleyfi um lengri eða skemmri tíma af þeim, sem hafa gerzt brotlegir við reglugerðina.

g. Sektir, allt að 1000 kr., fyrir brot á reglugerðinni.

8. gr.

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu fyrir eignir annara manna eða hættu við truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja, en þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana hefir í för með sér verulega hagsmuni fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafizt verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Ráðherra sker úr öllum ágreiningi um það:

- a. Hvort raforkuvirki hafi í för með sér hættu við truflunum á starfrækslu eldri virkja.
- b. Hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum truflunum.
- c. Hver eigi að koma þeim ráðstöfunum í verk, og
- d. Hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Ráðherra getur stöðvað notkun raforkuvirkja unz öryggisráðstafanir þær, er hann áskilur, eru komnar í framkvæmd.

9. gr.

Ráðherra skipar eftirlitsmann með raforkuvirkjum, til að annast eftirlit, skýrslugerð og annað, sem honum verður falið samkvæmt lögum þessum og þeim reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Ráðherra getur einnig falið honum eftirlit með framkvæmdum á ákvæðum reglugerða um varnir gegn útvarpstruflunum, um loftnet fyrir útvarpstæki o. fl.

Eftirlitsmaður skal hafa lokið fullnaðarprófi við rafmagnsdeild verkfræðaháskóla.

10. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera skuli greiða af þeim árlegt gjald til eftirlits ríkisins með raforkuvirkjum. Skal gjald þetta miðast við stærð rafala í orkuveri, og má eigi nema meiru en einni

krónu af hverju kilóvatti málraun þeirra. Ráðherra setur ákvæði um inn-
heimtu gjalds þessa, og má taka það lögtaki.

83
23. júní

Kostnaður við eftirlitið greiðist úr rikissjóði, að svo miklu leyti, sem ekki verður öðruvísi ákveðið í lögum þessum og í reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Veitist fé til þess árlega í fjárlögum.

11. gr.

Sveitastjórnir, bæjarstjórnir og stjórnir orkuveitufélaga skulu semja reglugerð um raforkuveituna, er ráðherra staðfestir, og má þá þar setja sérstök ákvæði fyrir þá menn, er fást við raforkuvirkjun innan takmarka veitu þeirra, þar á meðal vinnukaupskrá og reglur um frágang á verkum þeirra, svo og um sektir, allt að 500 krónum fyrir brot gegn reglugerðinni. Þó má ekki í slíkum reglum heimila lakari frágang á orkuvirkjum né vægari kröfur til löggildingar raforkuvirkjara en ákveðið verður í reglum ráðherra samkv. 7. gr.

12. gr.

Með mál út af brotum á reglum þeim, er segir í 7. gr. og 9. gr. skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Dorsteinn Briem.